



Hvernig á að sannreyna stafrænt ökuskírteini?

Leiðbeiningar fyrir starfsmenn fyrirtækja sem velja að taka á móti stafrænum ökuskírteinum.

Stafrænt ökuskírteini er fyrir alla sem hafa gild ökuréttindi og eru með snjallsíma. Á stafrænu ökuskírteini koma fram sömu upplýsingar og á hefðbundnu ökuskírteini.

Taki fyrirtæki, einstaklingar eða stofnanir þá ákvörðun að taka stafrænum ökuskírteinum sem gildum persónuskilríkjum er mikilvægt að þjálfa framlínufólk í að sannreyna ökuskírteinin. Athugið að það getur verið mismunandi eftir tæki og stýrikerfi hvernig það er gert.

Öruggast er að nota skanna eða vafra til að kalla eftir upplýsingum*.

Þeir sem ekki eru með skanna geta fylgt eftirfarandi skrefum:

(Athugið að leiðbeiningamyndir er að finna á síðu 2 og 3.)

Skref 1: Athuga hvort ökuskírteini sé í gildi.

Skref 2: Snúa ökuskírteini við til að tryggja að ekki sé um skjáskot að ræða.

Skref 3: Ef dagsetning undir kóða (neðst á framhlið) eða á bakhlið skírteinis er gömul þarf að biðja viðkomandi um að uppfæra ökuskírteinið. Það er til að tryggja tengingu við gagnagrunn lögreglunnar. Í sumum tækjum þarf að slökkva og kveikja á „automatic updates“ á bakhlið ökuskírteinis. Þar með ætti dagsetning og allar upplýsingarnar að uppfærast.


*Sé vilji fyrir því að koma upp skanna eða tengast öruggu vefsvæði til sannreyningar ökuskírteinis er hægt að hafa samband við Stafrænt Ísland (stafraentisland@fjr.is). Þar með eru ofangreindar leiðbeiningar óþarfar og starfsmaður einfaldlega skannar inn kóðann á ökuskírteininu eða flettir kennitölu upp í kerfinu.




Leiðbeiningar hvernig má snúa ökuskírteini í síma

Myndin hér sýnir hvernig hægt er að skoða gildistíma ökuskírteina og hvernig hægt er að „snúa ökuskírteininu við“ til að kanna ökuréttindin. Í Android er það merkt með (i) en í iPhone er aðgerðin merkt með þremur punktum.

Athugið að misjafnt er eftir símtækjum hvort punktarnir eða (i)-ið sé uppi eða niðri. Á einhverjum símtækjum er uppfærslutakkinn ör inni í hring.



Dæmi um framhlið og bakhlið á stafrænu ökuskírteini






Dæmi um ógild og útrunnin ökuskírteini

Framhlið - skírteini útrunnið.

Réttindaflokkar sýnilegir á skírteini.

Bakhlið - skírteini útrunnið.

Réttindaflokkar sýnilegir á skírteini.



Framhlið - svipting.

Réttindaflokkar fjarlægðir af skírteini.

Bakhlið - svipting.

Réttindaflokkar fjarlægðir af skírteini.

